

## Fundur haldinn í framkvæmdaráði um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, þriðjudaginn 19. desember 2017.

Fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps klukkan 13:00.

Mættir: Adolf Berndsen, Vignir Sveinsson, Valgarður Hilmarsson og Þorleifur Ingvarsson.

Fundargerð skrifaði Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Þorleifur setti fundinn og fór yfir stöðu mála. Tilefni fundarins var að funda með fulltrúum frá fyrirtækinu Ráð-rík, sem ákveðið var að tala við á síðasta fundi Samráðsnefndar um sameiningu.

Á fundinn mættu sem fulltrúar Ráð-rík Svanfríður Inga Jónasdóttir og Guðný Sverrisdóttir, fóru þær í gegnum sínar hugmyndir af ferli við sameiningu sveitarfélaganna, notuðu þær myndskyggjur sér til stuðnings. Jafnframt lögðu þær til tímaramma vegna sameininga viðræðna.

Eftirfarandi tillögur komu fram:

- Fyrri hluti janúar 2018:
  - Lýðfræði svæðisins, íbúapróun og samsetning
  - Þjónusta við íbúanna
  - Skipurit sveitarfélaganna og stjórnsýsla
  - Fjárhagsstaða sveitarfélaganna í A-Hún
  - Samvinna við önnur sveitarfélög á Norðurlandi.
- Síðari hluta janúar 2018 og byrjun febrúar:
  - Samtöl við íbúana, rýnifundir
  - Fundir með félögum sem eru að vinna í sjálfböðastarfi á svæðinu
  - Hvað vilja konurnar?
  - Hvað vill unga fólkið?
  - Heimsækja fyrirtæki og stofnanir og eiga samtöl við fólki
  - Samtöl við kjörna fulltrúa, sveitarstjóra og oddvita.
- Miðjan febrúar, kynning fyrir samstarfsnefnd:
  - Niðurstöður úr gagnaöflun kynntar fyrir samstarfsnefnd
  - Tillögur að kynningarefni kynntar.
  - Tillögur um íbúafundi kynntar.

Niðurstaða fundarins var sú að Ráð-rík munu senda Þorleifi Ingvarssyni sýnar tillögur að kostnaði og endanlegt verkáætlun fyrir 29. desember næstkomandi.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið klukkan 15:15.